

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sveitarfélagið Skagafjörður Skarðsmóar við Sauðárkrók



Dags eftirlits	3.6.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Steinunn Karlsdóttir
Fyrirtæki	Sveitarfélagið Skagafjörður	Eftirlitsmaður	Sigríður Magnúsdóttir
Heimili	Skagfirðingabraut 17 Sauðárkróki	Tegund eftirlits	Lokunareftirlit
Kennitala	5506982349	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis		ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	470728,446 583246,308

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt nýtt frávik var skráð í eftirlitinu vegna skila á skráningum og einni ábendingu var komið á framfæri. Tvö eldri frávik eru opin.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í lokunareftirlit á aflagðan urðunarstað Sveitarfélagsins Skagafjarðar að Skarðsmóum, í samræmi við þinglýst fyrirmæli um frágang og vöktun frá 14. ágúst 2014.

Tvö frávik voru skráð í síðasta eftirliti 29.5.2019. Annað frávik var skráð frá gr. 1.4 í fyrirmælum um frágang og vöktun og varðar það yfirborðsfrágang á staðnum. Þá var talsvert af úrgangsefnum, s.s. plasti, á yfirborði sem benti til þess að yfirborðslag væri ekki fullnægjandi. Í samþykktri úrbótaáætlun frá 25. október 2019 kemur fram að starfsmenn á vegum sveitarfélagsins hafi farið um svæðið og hreinsað úrgangsefni á yfirborði. Úrbæturnar voru teknar út í eftirliti og enn er töluvert af úrgangsefnum í yfirborðslagi.

Hitt frávik var frá gr. 1.7. í fyrirmælum um frágang og vöktun og varðaði skil á skráningum en rekstraraðili skal skila niðurstöðum skráninga til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert. Skráningum hafði þá ekki verið skilað inn fyrir 2018 og ofangreindri úrbótaáætlun kom fram að sveitarfélagið huggðist framkvæma mælingar á staðnum fyrir lok októbermánaðar 2019 og skila til stofnunarinnar. Þeim mælingum hefur ekki verið skilað. Skráningar bærust heldur ekki fyrir árið 2020.

Sveitarfélagið Skagafjörður fékk þann 6. nóvember 2020 tímabundna undanþágu frá kröfu um starfsleyfi til urðunar á dýrahraejum vegna niðurskurðar á sauðfé í kjölfar riðusmits í Skagafirði. Töluvert magn af hræum var urðað á staðnum en undanþágan og rann út 30. apríl 2021. Í eftirliti voru engin ummerki um úrgang þar sem hræin höfðu verið urðuð en bæta þarf yfirborðslag í gryfju.

Frávik frá

Lýsing á frávik

Gr. 1.7. í fyrirmælum um frágang og vöktun. Rekstraraðili skal skila niðurstöðum skráninga til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert. Skráningum fyrir árið 2020 hefur ekki verið skilað.

ÁBENDINGAR

Bæta þarf yfirborðslag þar sem hræ voru grafin og bæta svo við það eftir þörfum þegar úrgangurinn sígur.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 08.10.2021

Steinunn Karlsdóttir

Steinunn Karlsdóttir

